

Hvaða erindi eigum við í þennan grautarpott?

Eftir Styrmi Gunnarsson

Aðildarríki Evrópusambandsins eiga við margvísleg innri vandamál að etja þessa dagana, eins og fram kemur nánast daglega í fréttum Evrópuvaktarinnar.

Í Bretlandi spyrja stjórnvöld hvernig á því standi, að brezkir skattgreiðendur og reyndar skattgreiðendur allra annarra aðildarríkja ESB einnig, þurfi að taka á sig auknar byrðar vegna sífellt aukins rekstrarkostnaðar við stjórnkerfi ESB, sem reyndar má fremur líkja við bákn. Á sama tíma og framkvæmdastjórn ESB gerir kröfur um að flest aðildarríkin skeri niður opinber útgjöld telur sama framkvæmdastjórn sjálfsagt að auka eigin útgjöld langt umfram verðbólgu.

Í Hollandi rísa stjórnámálmenn upp gegn innflytjendum, sem koma bæði frá ríkjum innan Evrópusambandsins og utan. Þessa dagana beinist gagnrýni þeirra að pólskum innflytjendum en þeir spyrja á móti: hvernig stendur á því að Hollendingar opnuðu landamæri sín fyrir okkur en vilja okkur nú burt?

Bæði pólsk stjórnvöld og fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB segja að áform Hollendinga um að losa sig við Pólverja séu brot á ESB-reglum. Hollendingar viðurkenna það en halda fast við þau sömu áform!

Í Finnlandi eru hefðbundnir stjórnámálflokkar í „sjokki“ eftir úrslit þingkosninganna fyrir rúmri viku, sem endurspegluðu reiði almennra borgara í Finnlandi í garð ESB-samstarfsins. Ellílífeyrisþegar og láglaunafólk í Finnlandi skilja ekki hvernig á því stendur að Finnland hefur efni á að taka þátt í björgunaraðgerðum í þágu Grikkja, Portúgala og Íra en hafi ekki efni á að borga þeim viðunandi lífleyri og laun.

Í Portúgal standa yfir þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins, Seðlabanka Evrópu og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Þeir ætla ekki að endurtaka mistök sín frá Írlandi. Þar sást þeim yfir, að hægt væri að efna til þingkosninga og ný ríkisstjórn gæti komið með nýjar kröfur. Nú á að koma í veg fyrir að það sama gerist í Portúgal. Þess vegna er fulltrúum allra stjórnámálflokka stefnt að samningaborðinu. Þar eiga þeir að skrifa undir skuldbindingu um að ný ríkisstjórn, sem mynduð verði eftir kosningar muni ekki hafa uppi nýjar kröfur á hendur ESB og félögum eins og ný írsk ríkisstjórn hefur gert.

Í Bretlandi eru menn að uppgötva, að sambærilega settir brezkir embættismenn fá sem svarar 6,5 milljónum íslenzkra króna í eftirlaun á ári en embættismenn ESB sem fara á eftirlaun fá rúmlega 11 milljónir króna á ári, sem brezkir skattgreiðendur taka þátt í að borga. Bretar eiga erfitt með að skilja þetta kerfi.

Á morgun hittast þeir Sarkozy, Frakklandsfóseti og Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu en nú vill Sarkozy segja Frakkland tímabundið úr Schengen-samstarfinu vegna straums flóttamanna frá Túnis og Líbýu.

Þannig mætti lengi telja.

Það er hægt að hafa samúð með aðildarríkjum Evrópusambandsins í göfugri baráttu þeirra við að sameina

Evrópu og setja niður deilur og stríð, sem hafa einkennt þessi ríki öldum saman.

En hvernig í ósköpunum getur það þjónað hagsmunum okkar Íslendinga að lenda í þessum grautarpotti?